

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 26. maí 1999.

Breytingin felst í því að sex lóðum er breytt í tvær, stærð lóða breytt og legu götu lítillega breytt. Heimiluð er ný gerð húsa með hámarkshæð 8,0 m og nýtingarhlutfall aukið.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi deiliskipulag sem samþykkt var í bæjarstjórn 24. júní 1998.

*Mosfellsbæ, 18. júní 1999.*

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,  
**Tryggvi Jónsson** bæjarverkefndingur.

## REGLUGERÐ

### um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 1999-2000.

#### 1. gr.

##### *Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla.*

Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1999-2000 skal vera 102 milljónir lítra og skiptist í greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í lítrum mjólkur og skiptist hlutfallslega milli lögbýla á sama hátt og greiðslumark til framleiðslu mjólkur á verðlagsárinu 1998-1999.

#### 2. gr.

##### *Aðilaskipti að greiðslumarki.*

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi/eigendur þess þarf samþykki beggja/allra fyrir ráðstöfun greiðslumarks frá lögbýli. Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýli og skal það sérstaklega skráð á nafn hans. Leiguliða er heimilt að selja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda. Þó skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt við ábúðarlok leiguliða á því markaðsverði sem síðast liggur fyrir. skv. könnun sem Framleiðsluráð landbúnaðarins annast.

Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Með tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald á lögbýlinu. Þá skal seljandi leggja fram þinglýsingarvottorð fyrir það lögbýli sem selt er frá og skriflegt samþykki allra veðhafa fyrir söluinni.

Tilkynningar um aðilaskipti fyrir verðlagsárið 1999-2000 skulu hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins í síðasta lagi 20. apríl 2000 til að þau taki gildi á verðlagsárinu. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir.

#### 3. gr.

##### *Nýting greiðslumarks lögbýla.*

Afurðastöð skal greiða framleiðanda fullt verð innan greiðslumarks samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi.